

# Virkniviðmið

athafnarstjóra Siðmenntar

---

Verklagsreglur um lágmarksvirkni  
athafnarstjóra



**Siðmennt**

Unnið af athafnaráði  
Siðmenntar 2020-2021.  
Samþykkt af stjórn  
Siðmenntar þann  
2. mars 2021.

# Virkniviðmið athafnarstjóra

## Markmið

- Að tryggja lágmarksvirkni athafnarstjóra.
- Að skapa öflugri félagsleg tengsl athafnarstjóra á milli.
- Að efla þekkingarmiðlun á milli athafnarstjóra.
- Að ýta undir sérstöðu Siðmenntar sem veitanda húmanískrar athafnarþjónustu.
- Að hvetja til símenntunar athafnarstjóra.

## Athafnarstjórar

Athafnarstjórar koma fram sem fulltrúar Siðmenntar við hjónavígslur, nafngjafarathafnir, útfarir og fermingar. Athafnarstjórar félagsins eru greindir í fjóra flokka:

- Virkir athafnarstjórar
- Óvirkir athafnarstjórar
- Afskráðir athafnarstjórar
- Athafnarstjóranemar

## **Virkni**

### **Virkir athafnarstjórar**

Virkir athafnarstjórar eru þeir athafnarstjórar sem hafa lokið þjálfun í athafnarstjórn á vegum Siðmenntar - félags siðrænna húmanista á Íslandi, hafa fengið hjónavígsluréttindi útgefin af því ráðuneyti sem fer með útgáfu slíkra réttinda og hafa náð virkniviðmiðum.

Virkir athafnarstjórar skulu vera á lista yfir athafnarstjóra á vef Siðmenntar. Vígsluréttindi virkra athafnarstjóra skulu endurnýjuð á þriggja ára fresti. Virkir athafnarstjórar hafa seturétt og atkvæðisrétt á fundum athafnarstjóra og eru á póstlista og í samráðshópi á samfélagsmiðlum.

Allir virkir athafnarstjórar skulu gangast undir siðareglur Siðmenntar, verklagsreglur athafnaþjónustu Siðmenntar um góða starfshætti og vera skráðir félagar í Siðmennt.

### **Óvirkir athafnarstjórar**

Óvirkir athafnarstjórar eru þeir athafnarstjórar sem hafa lokið þjálfun í athafnarstjórn á vegum Siðmenntar - félags siðrænna húmanista á Íslandi en hafa ekki náð virkniviðmiðum síðustu 12 mánaða. Hafi athafnarstjóri lögmætar ástæður fyrir því að hafa ekki náð virkniviðmiðum og telur sig hafa hag af því að vera á lista yfir virka athafnarstjóra getur viðkomandi leitað til athafnaráðs sem sker úr um hvort viðkomandi fái undanþágu.

Óvirkir athafnarstjórar hafa sömu réttindi og skyldur og virkir athafnarstjórar. Telji athafnaráð ekki lögmætar ástæður fyrir undanþágu hefur athafnarstjórinn 6 mánuði til að ná virkniviðmiðum. Sé þeim ekki náð að þeim tíma liðnum skal afturkalla vígsluréttindi.

Óvirkir athafnarstjórar skulu gangast undir siðareglur Siðmenntar, verklagsreglur athafnaþjónustu Siðmenntar um góða starfshætti og vera skráðir félagar í Siðmennt.

### **Afskráðir athafnarstjórar**

Afskráðir athafnarstjórar eru þeir sem einhverntíman hafa haft vígsluréttindi á vegum Siðmenntar en hafa þau ekki lengur.

Sérstök ákvæði gilda um athafnarstjóra sem hafa verið afskráðir vegna gæðafrávika, sjá *Gæðaviðmið athafnaþjónustu Siðmenntar*.

Þeir athafnarstjórar sem hafa verið afskráðir af öðrum ástæðum en vegna gæðafrávika, hafa rétt til að stýra einstaka athöfnum í nafni félagsins án þóknunar. Slík athöfn skal skráð fyrirfram hjá skrifstofu félagsins og greiða skal hefðbundið umsýslugjald til Siðmenntar, auk útlagðs

kostnaðar. Annar kostnaður fellur niður. Afskráðum athafnarstjóra er ekki heimilt að taka þóknun fyrir störf sín né auglýsa þessa þjónustu. Virkur athafnarstjóri undirritar könnunarovottorð og tilkynningu um hjónavígslu og fær að launum 2 virknieiningar.

### Athafnarstjóranemar

Athafnarstjóranemar eru þeir athafnarstjórar sem hafið hafa þjálfun í athafnarstjórn á vegum Siðmenntar á síðustu 12 mánuðum, en hafa ekki lokið henni og hlotið vígsluréttindi. Athafnarstjóranemar hafa áheyrnar- og tillögurétt á fundum athafnarstjóra og skal vera bætt á póstlista athafnarstjóra og í samráðshóp á samfélagsmiðlum strax að loknu námskeiði.

Athafnarstjóranemar skulu gangast undir siðareglur Siðmenntar, verklagsreglur athafnaþjónustu Siðmenntar um góða starfshætti og vera skráðir félagar í Siðmennt.

### Föst virkniviðmið

Til að teljast virkur athafnarstjóri þarf viðkomandi að:

- Hafa tekið að sér a.m.k. 2 athafnir á síðustu 12 mánuðum.
- Hafa unnið sér inn í það minnsta 4 virknieiningar á síðustu 12 mánuðum.

Yfirlit yfir framboð **virknieininga** skal birt fyrir áramót hverju sinni. Innsending virkniviðmiða fer fram í desember ár hvert.

Nái athafnarstjóri ekki tilsettum athafnafjölda vegna landfræðilegrar legu, skal athafnarstjóri leita til framkvæmdastjóra sem fyrst. Í sameiningu skulu athafnarstjóri og framkvæmdastjóri leita lausna til þess að hægt sé að uppfylla virkniviðmið, en slík íhlutun getur til að mynda falist í niðurgreiðslu ferðakostnaðar eða sérstöku markaðsátaki.



**Siõmennt**